



# SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN

## Ársskýrsla 2021

### Inngangur

Hlutverk Sjúkraflutningaskólans er að veita menntun á sviði sjúkraflutninga og bráðapjónustu utan sjúkrahúsa. Við skólann starfar einn starfsmaður í fullu starfi sem jafnframt gegnir stöðu skólastjóra. Auk hans koma að námskeiðum leiðbeinendur og umsjónarmenn námskeiða sem verktakar sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, bráðateknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar.

Sjúkraflutningaskólinn er rekinn sem eining innan Sjúkrahússins á Akureyri (SAk) og ber framkvæmdastjórn SAK ábyrgð á daglegum rekstri skólans. Ennfremur er starfandi fagráð Sjúkraflutningaskólans en í því sitja fulltrúar frá SAK, Heilbrigðisráðuneyti, Háskólanum á Akureyri og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Á árinu 2021 voru haldin 54 námskeið (voru 27 árið 2020) og var heildarfjöldi þátttakenda 560 (voru 238 árið 2020). Fjölgun var í öllum tegundum námskeiða milli ára en árið 2020 var óvenju rólegt ár að mestu vegna áhrifa Covid.



Nokkrir nemendur í framhaldsnámi í Lotu 4 á Akureyri.

## Fyrirkomulag menntunar sjúkraflutningamanna.

Nám sjúkraflutningamanna á Íslandi er annars vegar grunnnám (EMT) sem er 260 tíma nám og framhaldsnám (EMT-Advanced) sem er 413 tíma nám. Nemendur fá starfsleyfi að loknu grunnnámi og geta þá hafið störf sem sjúkraflutningamenn. Bæði grunnhluti og framhaldshluti námsins, byggjast á viðmiðum úr kennsluskrá sjúkraflutningamanna í Bandaríkjum NA, byggt á stöðlum frá National Highway Traffic Safety Administration (NHTSA). Auk náms í sjúkraflutningum sinnir skólinn námi í Vettvangshjálpi (First Responder) byggt á sama staðli og EMT námið og má hér nefna samstarf Sjúkraflutningaskólans við Háskólann á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar varðandi menntun lögreglunema í vettvangshjálpi en allir lögreglunemar taka 40 tíma nám í vettvangshjálpi og útskrifast sem vettvangsliðar

## Skólastarfið 2021 og Covid.

Annað árið í röð setti Covid 19 mark sitt á skólastarfið á árinu. Talsvert var um að fresta þurfti námskeiðum og eins urðu tafir á starfsþjálfun, einkum hjá rekstraraðilum sjúkraflutninga og 112 og frestaði það útskrift hjá nokkrum nemendum. En samanborið við 2020 gekk skólastarfið mun betur.

## Útskrift Sjúkraflutningaskólans.

Útskrift Sjúkraflutningaskólans var frestað vorið 2021. Stefnt er að þrefaldri útskrift vorið 2022.



### GRUNN- OG FRAMHALDSMENNTUN

Grunnnám í sjúkraflutningum er 260 tíma nám sem tekur nú um 5-7 vikur og lýkur með bóklegu og verklegu prófi. Eftir það er hægt að sækja um...

[MEIRA](#)

### ENDURMENNTUN

Megin markmiðið er að nemendur viðhaldi starfsréttindum sínum sem sjúkraflutningamenn og vettvangsliðar og auki við þekkingu og þjálfun í ljósi...

[MEIRA](#)

### ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Sjúkraflutningaskólinn býður upp á fjölda námskeiða fyrir starfsfólk í bráðabjónustu. Vettvangshjálpi (First Responder) er 40 tíma námskeið fyrir...

[MEIRA](#)

Forsíða heimasíðu skólans [www.ems.is](http://www.ems.is)

## Starfsfólk og nefndir skólans

### Skólastjóri:

Ingimar Eydal

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri ber ábyrgð á rekstri Sjúkraflutningaskólans. Sjúkraflutningaskólinn heyrir undir framkvæmdastjóra bráða- og þróunarsviðs en framkvæmdastjóri þess er Hulda Sigríður Ringsted.

**Verkefnisstjóri:** Valur Halldórsson starfaði sem verkefnisstjóri nýs framhaldsnáms í sjúkraflutningum (EMT-Advanced) sem verktaki í hlutastarfi.

**Umsjónarmaður búnaðar:** Jón G. Knutsen starfaði í hlutastarfi sem umsjónarmaður búnaðar skólans.

### Fagráð Sjúkraflutningaskólans:

Sigurður E. Sigurðsson framkvæmdastjóri lækninga SAK, formaður ráðsins  
Anton Berg Carrasco Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna  
Viðar Magnússon yfirlæknir bráðabjónustu utan sjúkrahúsa, Landspítala  
Brynjar Friðriksson deildarstjóri sjúkraflutninga Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.  
Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir sérfræðingur í bráðahjúkrun, Háskólinn á Akureyri  
Kristján Sigfússon fagráði Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna  
Hjörtur Kristjánsson umsjónarlæknir Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands

### Inntökunefnd

Anton Berg Carrasco og Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, fulltrúar úr Fagráði skólans skipa inntökunefnd ásamt skólastjóra. Verkefni nefndarinnar eru að meta umsóknir nýnema og raða þeim inn samkvæmt verklagsreglum.

### Fagráð sjúkraflutninga.

Fagráðið er skipað samkvæmt reglugerð um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga nr. 262/2011 til fjögurra ára í senn. Hlutverk þess er að vera heilbrigðisráðherra til ráðgjafar um öll fagleg málefni er varða sjúkraflutninga á, við og yfir Íslandi og skylda starfsemi. Skólastjóri situr í ráðinu fyrir hönd Sjúkraflutningaskólans sem menntastofnunar sjúkraflutninga. Helstu verkefni ráðsins á árinu sneri að endurnýjun sjúkrabíla, rýni á skýrslum um stefnumótun auk fleiri verkefna.

### Aðgerðarstjórn almannavarna Norðurlandi eystra.

Skólastjóri situr í Aðgerðarstjórn almannavarna Norðurlands eystra (AST) fyrir hönd SAK.


### Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY)

Skólastjóri situr í stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) fyrir hönd fyrirtækja og stofnana ríkisins.


## Námskeið

Haldin voru 54 námskeið á árinu 2021 og voru þátttakendur samtals 569. Á árinu 2021 voru eftirtalin námskeið haldin (sjá myndrit 1 og 2) (fjöldi 2020 í sviga).

**Myndrit 1**  
**Tegundir og fjöldi námskeiða**



**Myndrit 2**  
**Fjöldi þátttakenda á námskeiðum skólans**



**Grunnnámskeið í sjúkraflutningum (EMT)** er 260 klst námskeið sem veitir þeim sem því ljúka starfsréttindi (löggildingu) sem sjúkraflutningamenn. Á árinu 2021 voru haldin **8** grunnnámskeið EMT bæði í streymisnámi og staðarnámi með samtals **101** nemendum. Eitt staðarnámskeið var haldið í Reykjavík, með 11 nemendum fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðissins. Streymisnámskeið voru sjö, þar sem bókleg kennsla fór fram í gegnum Moodle fjarkennslu samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri en verklegar lotur voru á Akureyri (15 nemendur), Reyðarfirði (8 nemendur), Sandgerði 1 (12 nemendur) Sandgerði 2 (12 nemendur), Keflavík (sérnámskeið fyrir BS) (11 nemendur) og tvö í Reykjavík, vornámskeið (20 nemendur) og haustnámskeið (12 nemendur). Notuð er bókin Emergency Care, 13. útgáfa frá útgáfufyrirtækiu Pearson sem og önnur kennslugögn s.s. glærur og prófasurningar.

**Framhaldsnám sjúkraflutninga (EMT-Advanced)** Framhaldsnámið er 413 klst nám sem veitir sjúkraflutningamönnum aukna færni og aukin réttindi. Náminu er skipt niður í fjórar lotur, auk lokafærnimats, þannig að nemendur geta ráðið hraðanum á náminu, þó er miðað við að námið taki ekki lengri tíma en þrjú ár. Allar lotur voru kenndar á árinu, samtals voru **18** námskeið í lotunáminu með **153** nemendum samtals, þar með talin lokafærnimat þar sem nemendur fara í gegnum mat á öllum þáttum framhaldsnámsins sem þeir þurfa að standast til að geta útskrifast. Í **lotu 1** voru kennd tvö námskeið í Reykjavík og Sandgerði með samtals 21 nemendum. Í **lotu 2** voru þrjú námskeið með 30 nemendum, í Reykjavík, Sandgerði og Akureyri. Í **lotu 3** voru þrjú námskeið, tvö í Reykjavík og eitt á Akureyri með samtals 27 nemendum. Í **lotu 4** voru fimm námskeið, tvö í Reykjavík, tvö í Akureyri og eitt í Sandgerði með samtals 43 nemendum. Lokafærnimat var svo haldið fimm sinnum, þrisvar í Reykjavík, og einu sinni í Sandgerði og Akureyri fyrir samtals 42 nemendur.

**Vettvangshjálparnámskeið (First Responder)** Um er að ræða **40 klst.** námskeið sem er ætlað viðbragðsaðilum sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa, s.s lögreglu, slökkvilið, björgunarsveitir eða aðrir skipulagðir viðbragðsaðilar. Samtals voru haldin **13** námskeið í Vettvangshjálpar með samtals **130** þátttakendum. Tólf námskeið voru haldin fyrir lögreglunema við Háskólann á Akureyri með 128 þátttakendum og eitt námskeið fyrir vettvangshliða á Skagaströnd með 8 þátttakendum.

**Endurmenntunar- og sérsnámskeið** fyrir sjúkraflutningamenn, vettvangshliða og aðra viðbragðsaðila voru **15**. Þar af voru 7 ILS námskeið (Sérhæfð endurlífgun 1) með samtals 90 þátttakendum í Reykjavík (2), Keflavík, Blönduósi, Sauðárkrók, Dalvík og Akureyri. EPILS námskeið (Sérhæfð endurlífgun barna 1) voru 3 með samtals 35 þátttakendum í Reykjavík (2) og á Akureyri. Eitt ALS námskeið (Sérhæfð endurlífgun 2) var haldið fyrir HSS í Keflavík með samtals 12 þátttakendum. Önnur endurmenntunar-voru haldin á Akureyri (2), Laugum í Reykjadal og á Kópaskeri fyrir vettvangshliða með 41 þátttakanda.

## Lokaorð

Eins og 2020 sett Covid mark sitt á skólastarfið. Mikill tími fór að raða námskeiðum upp á nýtt og finna nýjar leiðir og gekk það vonum framar í góðri samvinnu umsjónarmanna, leiðbeinenda og nemenda. En þó gekk furðulega vel að leysa úr þessum málum enda flestir orðnir vanir að fást við óvæntar aðstæður og breytingar á áætlunum.

Í kjölfar tillagna nefndar um stefnumótun í sjúkraflutningum til ársins 2030 vann Heilbrigðisráðuneytið aðgerðaráætlun. Í henni felast mörg tækifæri og spennandi að sjá hvernig unnið verður úr þeim. Meðal annars er vikið að því hvort skólinn eigi heima í almenna skólakerfinu eins og menntun annarra heilbrigðisstarfsmanna. Hvort sem skólinn verður áfram í núverandi mynd eða breyttri er mikilvægt er að skólinn sé ávallt í fararbroddi hvað varðar fagmennsku í sjúkraflutningum og bráðapjónustu. Það er mat undirtaðs að það virki best með því að nýta þautil kennslu og þjálfunar sem eru við störf í málaflokknum víða um land og hafa aflað sér viðbótarmenntunar á sviði bráðapjónustu og sjúkraflutninga. Hægt hefur gengið að efla skólann en þó fékkst fjárveiting fyrir verkefnisstjóra í hlutastarf til að halda sérstaklega utan um námsefni og námsefnisgerð á árinu 2021.

Sjúkraflutningaskólinn átti farsælt samstarf við marga aðila á árinu. Þakkar eru færðar rekstraráðilum sjúkraflutninga fyrir gott samstarf, en sérstaklega viljum við þakka Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Brunavörnum Suðurnesja, Slökkviliði Akureyrar, Slökkviliðinu í Fjarðarbyggð, Landsspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Neyðarlínunni fyrir veitta aðstoð við starfsþjálfun og aðra aðstoð við framkvæmd námskeiða. Enn fremur fær Verkmenntaskólinn á Akureyri og Adam Óskarsson miklar þakkar fyrir aðgang að Moodle kennslukerfi VMA og aðstoð. Endurlífgunarráð Íslands og Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir kennslu- og þjálfunarstjóri á SAK fá þakkar fyrir gott samstarf. Umsjónarmenn, verkefnisstjórar og leiðbeinendur námskeiða eru burðarásar í náminu og fá þeir sérstakar þakkar fyrir vel unnin störf.

Skólastjóri vill þakka öllum samstarfsaðilum gott og farsælt samstarf á árinu 2021.

Ingimar Eydal  
Skólastjóri